

Hjalti Jónsson, en um s.l. áramót tók Kristján Karlsson einnig við framkvæmdarstjórnastöðu hjá félaginu, og stýra þeir því nú báðir.

Magnús Kjaran,

kaupmaður er fæddur 1890, Árnesingur að ætt. Fluttist ungur til Reykjavíkur og hefir stundað verslunarstörf frá fermingarárdri, fyrst í ár hjá frú Breiðfjörð, en síðan hjá Th. Thorsteinsson, allt til þess er hann lést. Réðst til hans í verslunarnám að fornum sið, til fjögurra ára, gekk einn vetur af þeim tíma í Verslunarskóla Íslands. Gerðist meðeigandi í hinn þektu Liverpool-verslun Thorsteinsson 1918, en hafði þá verið



Magnús Kjaran.

verslunarstjóri þar nokkurra hríð. Keypti þá verslun að fullu 1925, en seldi hana 1930 Mjólurfélagi Reykjavíkur, sem rekur hana enn. Síðan 1930 rekur hann umboðs- og heildsöluverslun. Má í því sambandi sérstaklega nefna umboð hans fyrir hið heimsþekta firma Henkel & Co.

Magnús Kjaran er athafnamaður, íþróttamaður og ótull að hverju sem hann gengur. Hann var framkvæmdarstjóri Alþingishátíðarinnar 1930 og fórst það starf vel úr hendi.

Gamla Bíó

var stofnað 1906, og er því elsta kvikmyndahús hér á landi, og fyrsta



Peter Petersen.

sýningin fór fram tæpum 11 árum eftir fyrstu kvikmyndasýninguna, sem haldin er í heiminum. Umbætur gerði eigandinn, Peter Petersen, miklar á sýningarhúsinu 1912, en 1926 bygði hann hið fagra og stóra hús, sem bíóið er nú í, og er það fyllilega samanburðarfært við leikhús erlendra stórborga um allan útbúnað og þægindi. Gamla Bíó vandar mjög val sýningarmynda sinna.

Verslunin Björn Kristjánsson

Verslun þessi var stofnsett 1888 af Birni Kristjánssyni síðar alþm. og ráðherra og rak hann hana til ársloka 1909, er sonur hans, Jón Björnsson, tók við versluninni, er faðir hans varð bankastjóri Landsbankans. Hefir J. B. rekið verslunina síðan og er einka-eigandi hennar. V. B. K. greinist í vefnaðarvöru- leðurvöru- og ritfangadeild og voru tvær fyrst nefndu deildirnar stofnaðar samhliða 1888, en ritfangadeildin 1911. Er hún

fyrsta sérverslun á Íslandi í þeirri grein og mjög umfangsmikil. V. B. K. selur ennfremur leður og skinn til skó- og söðlasmíði. Úrvalið og fjölbreytnin í vörum hefir ávalt verið geysimikil og verslunin rómuð fyrir vöruvöndun. Árið 1913 stofnsetti verslunin útibúið Jón Björnsson & Co., og bygði yfir það hið myndarlega verslunarhús á horni Bankastr. og Ingólfsstrætis. Rekur verslunin þar geysimikla vefnaðarvöruverslun. — Verslunin Björn Kristjánsson hefir ávalt notið mikils trausts og vinsælda af hálfu viðskiftamanna. Henni hefir alla tíð verið stjórnað af mikilli fyrirhyggju og hagsýni, jafnt í tíð stofnanda hennar og núverandi eiganda.

Garðar Gíslason

er einn af þektustu mönnum íslenskrar verslunarstéttar. Hóf hann verslunarstarfsemi sína 1901 og þá í Leith, en umboðsmann hafði hann hér á landi. Árið 1909 fluttist Garðar hingað til landsins, og hefir síðan rekið starfsemi sína héðan, en jafnframt haft skrifstofu erlendis. Þegar Garðar Gíslason hóf starfsemi sína var íslensk verslun að mestu rekin fyrir milligöngu danskra kaupskýslumanna, og er Garðar einn fyrsti kaupmaðurinn hér sem hefir þessi viðskifti, við erlenda kaupendur og heildverslanir. Verslunarstarfsemi



Garðar Gíslason.

Garðars er mjög fjölþætt, og skiftist í innflutningsdeild og útflutningsdeild. Innflutningsdeildin greinist aftur í þrent, matvöru- deild, vefnaðar- og pappírdeild, og undir hana heyrir og talsverð bílasala, og hefir Garðar í sambandi við hana sett upp bensingeymi, og bílaþvottastæði á verslunarlóð sinni. Utflutningur verslunarinnar eru allar íslenskar afurðir, einkum ull, lýsi, gærur og fl. Hefir Garðar opnað nýja markaði fyrir þessar afurðir, enda verið brautryðjandi um alla vöruvöndun og ýmsar nýjar verkunarferðir. Þannig hefir hann sett upp rotunarverksmiðju (fyrir 10 árum) og bent þar á leið, sem mikla þýðingu hefir fyrir verðaukningu íslenskrar ullar. Þá hefir hann og komið á fót ullarþvottastöð, tekið upp nýja þökkun á isl. ull, fyrstur hafði hér verkun á görnum og flutt út, og ýmislegt fleira er það, sem Garðar Gíslason hefir unnið til gagns og gengis ísl. framleiðslu. Eins og af líkum má ráða hefir hann umboð fyrir og bein sambönd við margar af hinum alþektustu verksmiðjum og verslunar-fyrirtækjum víða um lönd. Einnig hefir hann umboð fyrir bresk váttryggingafélag svo sem Eagle Star. Árið 1918 keypti Garðar húsið við Hverfisgötu 4, og bygði, litlu síðar, þar hjá stórt vörugeymslúhús. Eru bæði húsin myndarleg, rúmgöð og stór. Garðar Gíslason hefir unnið mikið verk í þágu íslenskrar verslunarstéttar. Var hvatamaður þess að Verslunarráðið var stofnað, en þýðing þess og styrkur fyrir íslenska verslunarstarfsemi er nú löngu víðurkendur. Hann er formaður

Verslunarráðsins. — G. G. hefir að staðaldri í þjónustu sinni 25—28 menn.

Verslun Jes Zimsen

var stofnuð af Chr. Zimsen 1894, en 1903 eignaðist sonur hans, Jes Zimsen, verslunina og hefir rekið hana síðan. Fyrst framan af verslaði Zimsen með alls konar vörur, eins og þá var tíska um verslanir, en 1914 greindist verslunin í tvær deildir, nýlenduvörudeild og járnvörudeild. Árið 1931 seldi Zimsen nýlenduvörudeildina, og hefir síðan rekið járnvörudeildina eina. Áður fyrr hafði Zimsen mikla olíu- og bensín-sölu, en frá 1931 hefir Hið íslenska steinolufélag haft þá verslun, en framkvæmdastjóri þess félags er Jes Zimsen, og annast



Jes Zimsen.

hann öll viðskifti þess í sambandi við verslun sína. Jes Zimsen hefir alt frá öndverðu fengist mjög við útgerð. Gerði m. a. út fjölda „kúttara“ á þeirra tíð, og var mjög lengi framkvæmdastjóri „Fiskeveiðahlutaf. Ísland“. Verslun Zimsens, sem er ein með elstu verslunum borgarinnar, stendur í miklum blóma, enda hafa í gegn um hina víðtæku starfsemi Jes Zimsen í atvinnulífi bæjarins, runnið undir hana margar stöðir. Hefir Zimsen jafnan staðið framarlega í flestum atvinnufél. hér. Má þar til nefna h.f. Hamar, h.f. Slippinn, Sjóvátryggingafélag Íslands, Verslunarráð Íslands o. m. fl. Við verslun Zimsens starfa 14 fastir menn, og er þá ótalið starfsfólk olíuverslunarinnar. Verslunin hefir frá upphafi verið þar sem hún er nú.

Verslunin Ninon

Austurstræti 12, var stofnuð í apríl 1929 af ungrú Olgu Hejnæs, sem enn er eigandi verslunarinnar. Sérgræin hennar eru kvennkjólur, tilbúnir, blússur og annað er kvennkjólum tilheyrir. Verslunin er eina sérverslunin í þeirri grein og til dæmis um vinsældir þær, er hún hefir aflað sér á þessum stutta tíma, má geta þess, að verslunin hefir orðið að stækka um helming afgreiðslu og sýningarpláss sitt.

Verslunin Brynja, Laugaveg 29.

Eigandi verslunarinnar er Guðmundur Jónsson, og stofnsetti hann



Guðmundur Jónsson.

verslun sína 1919. Brynja verslar með byggingarvörur, allskonar verkfæri, málningu og allar nýtísku-

NINON
AUSTURSTRÆTI 12

Stofnsett 1929.

**Sérverslun:
NÝTÍSKU
KJÓLAR**

**BLÚSSUR,
PILS,
BELTI og
KJÓLABLÓM**

NINON
OPID 2-7

vörur í þessum og öðrum greinum, er að byggingu lúta. Hefir verslunin nú á hendi mikla umboðssölu út um alt land, fyrir utan geysimikla smásölu. Einnig gerir verslunin tilboð í sölu á ýmsum hlutum til stórra bygginga. Umboð hefir hún mörg í nefndum greinum frá heimsþekktum verksmiðjum. Á síðustu tímum hefir verslunin selt mjög mikið af hinu þektu Berger málningu, er nú vinnur hylli manna hér hröðum skrefum.

Verslunin Visir.

Árið 1913 stofnsetti Guðmundur Ásbjörnsson trésmíðavinnustofu í geymslúhúsi á baklóð hússins nr. 1 við Laugaveg. Voru



Guðmundur Ásbjörnsson.

þarna smíðuð alls konar húsgögn, myndir innrammaðar o. fl. Starfsemi þessi varð þegar mikil og varð að auka við húsnæðið mjög bráðlega.

Tæpum tveim árum síðar (16. mars 1915) opnaði G. Á. verslunarbúð í fjórðahluta aðalhússins, og seldi þar, auk alls konar ramma og



Sigurbjörn Þorkelsson.

rammalista, veggfóður, tóbak, sælgætisvörur og ýmsar smávörur.

1. des. s. á. tók G. Á. allan vesturenda hússins undir mynda- og rammaverslun sína og hefir hún verið þar síðan. — Um sama leyti tóku þeir G. Á. og Sigurbjörn Þorkelsson í félagi þann hluta hússins, sem G. Á. hafði áður not-

að, og stofnuðu þar Verslunina Vísi og tók hún til starfa 5. des. 1915. S. P. var þá starfsmaður hjá Mory & Cie, en lét af störfum þar 1. júlí 1916 og hefir síðan starfað við Verslunina Vísi. — Árið 1916 keyptu þeir félagar húsið (Lv. 1). Náði það þá um 2 metra út í götuna, en þeir fluttu það „á sinn stað“ og lögðu að ýmsu leyti, gerðu kjallara undir aðalhúsið og reistu geymslúhús að baki. — Jafnframt tóku þeir þá alt húsið til afnota fyrir verslunina.

Árið 1928 reistu þeir félagar hús eitt mikið á norðurhluta lóðarinnar. Þar er nú prentsmíðjan Acta.

Verslunin Visir byrjaði í smáum stíl og lét lítið yfir sér. — En hún hefir vaxið með ári hverju og viðskiftin eru nú orðin mjög mikil. — Verslunin er rekin með dugnaði og fyrirhyggju og hefir gífra fylgt nafni.

Nýja Bíó.

Árið 1912 var h/f. Nýja Bíó stofnað, en fyrstu sýninguna hélt félagið 4. júní þá um vorið og var sýningarhúsnæði í Hótel Ísland. — Árið 1915 tók Bjarni Jónsson frá Galtafelli við stjórn fyrirtækisins, en 1916 keypti hann



Bjarni Jónsson.

alla hluti félagsins, og var einn eigandi hússins um hríð. Árið 1919—'20 réðist Bjarni í það, að byggja hús yfir bíóið, er sú bygging hið veglega hús, sem nú er „Nýja Bíó“. Árið 1927 seldi Bjarni Guðmundi Jenssyni, verslunarmanni, helming eignarinnar, og eru þeir síðan eigendur fyrirtækisins. Nýja Bíó hefir jafnan kappkostað, að kvikmyndir þess væri fyrsta flokks, og með hinni stóru og vönduðu húsbýggingu hefir það sýnt, að því er umhugað um að gestum þess líði vel.

Hljóðfærahúsið

Í nóvember 1916 byrjaði frú Anna Friðriksson, hljóðfæra-verslun, er hún nefndi Hljóðfærahús Reykjavíkur. Verslunin var fyrst í